

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8 -10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15.02.2013
1301020/Ó


Efni: Umsögn Isavia um þingsályktunartillögu um endurbætur björgunarskipa, Þingskjal 605 – 471 mál.

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 28. janúar s.l. þar sem óskað er eftir umsögn Isavia um tillögu til þingsályktunar um endurbætur björgunarskipa sbr. þingskjal 605 — 471. mál á 141. löggjafarþingi 2012–2013.

Isavia annast þjónustu við flugumferð yfir landinu og hafsvæðinu sem umlykur það auk þjónustu á flugvöllum landsins sem flestir hverjir liggja við sjó. Hluti af þessari þjónustu er viðbúnaðarþjónusta vegna óhappa eða vá sem steðja að loftfari yfir sjó.

Isavia er í góðu samstarfi við alla björgunaraðila á landinu á þ.m.t. Slysavarnarfélagið Landsbjörgu. Í ófáum tilvikum hefur reynt á samstarf þessara aðila vegna leitar eða björgunar í sjó. Félagið telur mikilvægt að við þær aðstæður sé hægt að leita til vel búinna björgunarsveita enda er réttur tækjabúnaður mikilvægur hluti hvernar björgunaraðgerðar. Félagið telur að verði tillagan samþykkt muni hún verða jákvæð aðgerð til að bæta viðbrögð við óhappi á sjó þ.m.t. vegna loftfara í vanda.

Virðingarfyllst,



Ingunn Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri yfirstjórnar Reykjavík